

Ytra mat grunnskóla

Flóaskóli

janúar 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Flóahrepp.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir.

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2461-3

Innihald

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	8
Flóaskóli.....	9
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	13
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.1 Inntak og námskrá	15
2.2. Árangur náms	15
2.3 Gæði kennslu	18
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	21
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
3.1. Skipulag.....	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23
Þáttur 4 – Einstaklingsmiðað nám.....	25

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Flóaskóla í Flóahreppi sem fór fram í janúar 2020. Lagt var mat á þrjá matsþætti sem eru fyrirfram ákveðnir en það eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Fram kom ósk frá sveitarfélagi og skóla um fjórða matsþátt sem snýr að einstaklingsmiðuðu námi, árangri og líðan. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólastjóri leggur mikla áherslu á skapa skólanum jákvæða ímynd og tengsl við foreldrasamfélagið.
- Skólastjóri hefur skýra sýn er varðar skólaþróun.
- Skólastjóri skapar svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun og hefur forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu og nýti í skólastarfinu.
- Ánægja með stjórnun skólans kemur fram í þeim könnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra í Skólapúlsinum. Einnig kom það fram í foreldrakönnun í tengslum við ytra mat.
- Samstarf skólastjóra og verkefnastjóra er vel skipulagt, þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Reglulega er faglegir samstarfsfundir þar sem stefnur og áherslupættir skólans eru ræddir.
- Sveitarfélag og skóli hafa sett sér læsisstefnu.
- Ánægja er meðal foreldra með stoðþjónustu og stuðning sem veittur er.
- Starfsfólk upplifir að það njóti trausts og fái hrós fyrir störf sín.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Vinna þarf sameinlega skólastefnu sveitarfélags og skóla.
- Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá.
- Tilgreina þarf aksturstíma í stundaskrá nemenda.
- Uppfylla þarf tilskilinn kennslustundafjölda nemenda í list- og verkgreinum og vali.
- Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.
- Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku, endurskoðun skólanámskrár og skólareglna.
- Skrá ferli er snýr að því að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.

- Vinna þarf starfslýsingar fyrir stuðningfulltrúa og skólaliða.
- Funda þarf reglulega með öðru starfsfólki en kennurum.
- Huga þarf að því að aðrir starfsmenn en kennarar hafi aðgang að trúnaðarmanni.
- Gera þarf starfsmönnum grein fyrir því hvernig skipurit skólans er uppbyggð og hver sé þeirra næsti yfirmaður.
- Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans.
- Móta ákveðið verklag fyrir nemendur sem sitja í stjórnnum og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.
- Í starfsáætlun ætti að koma fram hver aðkoma nemendaráðsins er að skólaráði.
- Upplýsa þarf starfsmenn um mögulegar leiðir þeirra á að fá handleiðslu vegna sinna starfa.
- Huga þarf að heilsueflingu starfsmanna.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stefna stjórnvalda endurspeglast í störfum skólans.
- Í skólanum ríkja jákvæð samskipti og virðing.
- Reglulega er fylgst með árangri náms og framförum nemenda.
- Árangur nemenda á samræmdum prófum er alla jafna góður.
- Nemendur skólans finnst þeir vera mikils virði.
- Reglulega eru lagðar fyrir kannanir og leitað skoðana nemenda um líðan og skólastarf.
- Áhersla er á teymisvinnu kennara.
- Eldri nemendur þekkja til hæfniviðmiða, skipuleggja nám sitt að hluta og setja sér markmið um yfirferð.
- Gott samstarf er við grenndarsamfélagið.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir grunnþáttum menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu.
- Samræma framsetningu á kennsluáætlunum.
- Huga að lesfimi nemenda sem ekki ná lágmarksviðmiðum.
- Efla trú nemenda á eigin námsgetu.
- Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísunum og huga að tengslum áætlana við mat á stöðu nemenda.
- Gera nemendum ljós markmið og viðmið um árangur.
- Auka ábyrgð og þátttöku nemenda við mat á eigin vinnu og námi.
- Nýta námstíma nemenda betur.
- Hafa skýran ramma um kennslustundir.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.
- Auka þarf fjölbreytni í námi og kennsluháttum og leggja áherslu á leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku.
- Auka áherslu á samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í námi.
- Styrkja betur teymisvinnu kennara með fræðslu og handleiðslu.

- Nýta HHH tíma markvisst til þess sem þeir eru ætlaðir.
- Huga að því í kjarnatímum að hafa markvissa innlögn fyrir hópa samhliða einstaklingsvinnu.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um framvindu náms í öllum fögum.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt skólastarfs.
- Reglulega fer fram mat á viðhorfum, árangri og framförum nemenda.
- Haldin eru íbúa- og nemendaping.

Tækifæri til umbóta

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hver eru viðmið um árangur, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaáðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig metið verður hvernig til tekst með umbætur.
- Skipa þarf teymi með fulltrúum hagsmunaaðila sem hefur umsjón með innra mati.
- Nýta þarf gögn sem skólinn býr yfir um árangur, kannanir og skimanir með markvissum hætti í innra mati.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að umræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila.
- Kynna þarf viðkomandi hagsmunaaðilum niðurstöður innra mats.

Einstaklingsmiðað nám

Styrkleikar

- Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðun í námi.
- Náms hópar eru að jafnaði fámennir á hvern kennara og stuðningur annarra starfsmanna við nemendur mikill.
- Verið er að efla teymisvinnu kennara til að skapa aðstæður fyrir einstaklingsmiðun náms.
- Hugmyndir skipulags kjarantímanna byggja á að efla þátttöku nemendur við markmiðssetningu og skipulag námstíma.
- Foreldrar eru frekar jákvæðir í garð hugmyndafræði og markmiða kjarnatímanna.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf í áætlunum hvernig einstaklingsmiða á nám nemenda.
- Efla samstarf kennara innan teymanna og aðstoða teymin við námsaðlögun.
- Huga þarf að því að markviss kennsla með tilliti til námsframvindu allra nemenda eða nemendahópa fari fram í kjarnatímum.
- Skipulag kjarnatímanna þarf að vera vel rammað inn og öllum ljóst.
- Sjá til þess að námstíminn nýtist nemendum vel.
- Eftirlit kennara með námsframvindu þarf að vera markviss.
- Huga að því að allir nemendur fái ögrandi verkefni við hæfi.
- Við skipulag kjarnatíma þarf að sjá til þess að greinakennara séu allir við kennslu í þeim kennslustundum.
- Huga þarf að því að veita foreldrum góðar upplýsingar um skipulag náms og kennslu sem og námsframvindu barna sinna.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Flóaskóli

Flóaskóli er staðsettur í Villingaholti í Flóahreppi. Hann tók til starfa haustið 2004 við sameiningu þriggja grunnskóla í þremur sveitarfélögum, Gaulverjaskóla í Gaulverjarbæjarhreppi, Villingaholtsskóla í Villingaholtshreppi og Þingborgarskóla í Hraungerðishreppi. Skólinn er rekinn af sveitarfélaginu Flóahreppi í Árnessýslu. Í upphafi þjónaði skólinn nemendum í 1.-7. bekk en haustið 2009 hófu nemendur í 8. bekk nám við skólann og fyrsti árgangur úr 10. bekk var útskrifaður 2012. Nemendur ferðast til og frá skóla með skólabílum og koma allir og fara á sama tíma. Skóladagur yngri nemenda er lengri sem því nemur.

Öll almenn bókleg kennsla fer fram í skólahúsnæði en kennsla í íþróttum fer fram í félagsheimilinu Þingborg. Sund er kennt í sundlauginni á Stokkseyri (1. – 6. bekkur) og Laugalandi í Holtum (7. – 10. bekkur). Mötuneyti skólans er staðsett í félagsheimilinu Þjósárverri sem stendur við hlið skólans.

Einkunnarorð skólans eru hugur, hjarta og hönd.

Á vorönn skólaárið 2020 eru 103 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	5	10	10	13	11	10	10	14	12	8
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Samkennsluhópar	Samkennsla 1. og 2. bekkur								Samkennsla 9. og 10. bekkur	
	Teymi 7. – 10. bekkur									

Starfsmenn eru 33. Stjórnendur eru skólastjóri og verkefnastjóri, sem er staðgengill skólastjóra. Auk þess starfa tveir verkefnastjórar við skólann. Kennarar eru 17 í 13,8 stöðugildum og eru sjö kennarar leiðbeinendur í 5,6 stöðugildum.

Við skólann starfa einnig námsráðgjafi í 25% starfi (er í fæðingarorlofi þetta skólaár) og tveir þroskaþjálfar. Hjúkrunarfræðingur er með viðveru fyrir hádegi einn dag í viku og að auki hálfan dag einu sinni í mánuði.

Skólaþjónusta Árnessýslu þjónustar skólann hvað varðar sálfræðing, talmeinafræðing, kennslu -og félagsráðgjafa. Viðvera þeirra er eftir samkomulagi og þörfum hverju sinni.

Frístund er er í boði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk alla daga frá því skóla er lokið kl. 14:00 til kl. 16:30. Frístund brúar bilið frá því skóla er lokið hjá yngri börnum þar til skólabílar keyra heim. Skólastjóri ber ábyrgð á daglegu starfi en frístundin er undir daglegri leiðsögn stuðningfulltrúa.

Einn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sextán nemendur eru með einstaklingsnámskrá og 28 nemendur eru í sérkennslu eða með aðlagað námsefni.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0	0	0	0	0	6	6

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnandi stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár. Sýn og stefnu skólans er gerð skil í starfsáætlun og snúa helstu áherslupættir að uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar, Grænfánaverkefni, teymiskennslu og áherslu á einstaklingsmiðað nám. Starfsáætlun 2019-2020 er greinagóð og inniheldur flesta þá þætti sem þar eiga að vera. Starfsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá er birt á heimasíðu en þar vantar ýmsar upplýsingar. Verið er að vinna að uppfærslu og endurskoðun skólanámskrárinnar og eru því tenglar ekki allir virkir. Námskráin er ekki í heildstæðu skjali en hefur yfirheitin almennur hluti og námsgreinahluti. Þeir þættir sem vinna þarf að í almenna hlutanum snúa aðallega að innra mati, námsmati og viðbragðsáætlunum um v.a.

Fram kom að haldin hafa verið íbúa- og nemendaping en annað skipulegt samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins um stefnumótun hafi ekki verið viðhaft. Samkvæmt viðmælendum er til sérstök skóla- og frístundastefna Flóahrepps sem unnin var 2012-2013 og hefur ekki verið uppfærð síðan. Stefnuskjalið má finna á heimasíðu skólans en heildræna skólastefnu sveitarfélagsins er ekki að finna á heimasíðu Flóahrepps þar sem sjá má aðgerðaráætlun og mælingaáætlun frá árinu 2013. Unnin hefur verið mál- og læsisstefna af hálfu sveitarfélagsins fyrir leik- og grunnskóla og má finna hana á heimasíðu skólans.

Stjórnandi hefur forgöngu um áherslur í kennsluháttum og má þar nefna teymiskennslu. Hann leggur einnig áherslu á jákvæða umfjöllun um skólastarf í daglegu tali og fréttaflutningi.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnandi hvetur til þróunar starfshátta og skapar svigrúm til starfsþróunar starfsmanna. Innan símenntunaráætlunar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar og hefur stjórnandi yfirlit yfir símenntun starfsmanna.

Stjórnandi hvetur starfsmenn til faglegs samstarfs og skólinn leggur áherslu á teymiskennslu. Reglulega eru samstarfsfundir þar sem fagleg umræða um nám fer fram. Starfsmannafundir eru haldnir reglulega og eru meðal annars nýttir til að fara yfir niðurstöður ytra gæðamats er varða árangur, framfarir og líðan nemenda til eflingar á skólastarfinu.

Í rýnihópum starfsmanna kom fram að starfsmannahópurinn lítur á sig sem eina liðsheild og meðal stuðningsfulltrúa ríkir mikil ánægja með þátttöku þeirra á fundum með kennurum.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnandi vinnur að því að byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið og skapa skólanum jákvæða ímynd í samfélaginu.

Skólaráð starfar samkvæmt reglugerð, fundar tvisvar sinnum á önn en starfsáætlun liggur ekki fyrir. Samkvæmt fulltrúum skólaráðs snýr fundarefni helst að kynningum á erindum sem skólinn sendir frá sér og upplýsingum um niðurstöður úr könnunum og samræmdum prófum. Skólaráð kemur ekki að gerð umbótaáætlana en getur komið með ábendingar. Hjá skólastjóra kemur fram að skólaráð hefur tekið þátt í að meta skipulag skólastarfs og unnið að tillögum sem komnar eru til framkvæmda. Val á fulltrúum í skólaráð fer fram á fundi foreldrafélagsins. Skólaráð hefur ekki haldið formlegan opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og mælt er til í reglugerð (sjá: reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2002) en nefnt er að haldin er fjölskylduvika eða opni-dagurinn sem skólinn heldur í samstarfi við foreldrafélagið. Fundargerðir skólaráðs síðast liðinna tveggja ára eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans

Stoðþjónusta er kynnt foreldrum á námskynningum. Í rýnivíðtali við foreldra kom fram að þeir eru ánægðir með stoðþjónustu skólans og telja að unnið sé út frá þörfum nemenda og ekki beðið eftir formlegum greiningum ef þörf er á úrræðum.

Matsmenn Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Foreldrar 61 barns svöruðu könnuninni og var svarhlutfall nærri 60%. Tæplega 84% svarenda voru mjög sammála eð frekar sammála því að í heildina væru þeir ánægðir með skólann. Þegar foreldrar voru spurðir um hvort skólinn leitaði til þeirra eftir tillögum og hugmyndum voru rúmlega 33% svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni en 45% svöruðu hvorki né. Rúmlega 53% svarenda voru mjög eða frekar sammál því að ábendingar þeirra til skólans væru teknar til greina.

Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt og má þar sem dæmi nefna samstarfsverkefni við leikskólann Krakkaborg, vettvangsheimsóknir nemenda auk þess að nemendur eiga kost á því að fara í starfsþjálfun.

Frístundaheimili skólans heyrir undir stjórn skólastjóra. Fjallað er um starfsemi frístundaheimilisins í handbók foreldra en umfjöllun er ekki að finna um starfsemi þess í starfsáætlun.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólastjóri hefur skýra sýn er varðar skólaþróun. Ýmsar skimanir og kannanir eru nýttar til að bæta líðan og árangur nemenda. Ekki er að finna skráð verklag um það hvernig gögn um árangur og líðan (kannanir og skimanir) eru nýtt í skipulag kennslu til að efla árangur nemenda. Þá vantar einnig ferli er snýr að því að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila. Umbótaáætlunir fyrir yfirstandandi skólaár liggja ekki fyrir en stjórnandi miðlar upplýsingum á fundum um niðurstöður kannana.

Þróunarverkefnin sem skólinn vinnur að eru Grænfánaverkefnið og teymiskennsla. Stjórnandi og verkefnastjórar stýra framgangi verkefna. Fundað er reglulega á þriðjudögum og fimmtudögum um verkefnin með starfsmannahópnum auk annarra verkefna sem unnið er að svo sem Uppeldi til ábyrgðar og læsisstefnu. Fundargerðir þessara funda eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans né upplýsingar um framgang verkefna og mat.

Fram kom í rýnihópi kennara að ákvarðanir um val á nýjum þróunarverkefnum kæmu frá kennurum sem vinna við skólann hverju sinni. Varðandi teymiskennslu var rætt um að kennarar hefðu sótt fyrirlestra á vegum skólans og þeim hefði verið bent á að lesa sér til um efnið. Töldu þeir gagnlegt að fá sérfræðing til sín í skólann til handleiðslu við að skipuleggja teymiskennsluna. Í símenntunaráætlun kemur fram að fagfundir séu meðal annars tileinkaðir teymiskennslu (sjá að ofan).

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Ýmsar upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu en tenglar eru ekki allir virkir eins og fyrr segir. Fram kemur í rýnihópi foreldra að upplýsingaveitur séu margar og geti upplýsingar borist inn á facebook síðu skólans, með smáskilaboðum eða á heimasíðu. Erfitt sé að átta sig á því hvar upplýsingar birtist hverju sinni.

Skráður kennslutími nemenda samkvæmt stundaskrá er yfir viðmiðunarstundaskrá hjá öllum árgöngum. Kennslutími 1.- 3. bekkjar er tveimur og hálfri kennslustundum meiri á viku en gert er ráð fyrir, 4. bekkur er með fimm kennslustundum umfram viðmið, 7. bekkur tvær og hálf og 8., 9. og 10. bekkir eru með hálfu kennslustund hver bekkur. Samtals eru þetta yfir 10 ára skólagöngu að jafnaði 2,8 kennslustundir á viku. Í raun er þetta ekki alveg svona þar sem kennslutími nemenda nýtist ekki allur eins og hann er skilgreindur í stundaskrá. Þar er hvergi getið um akstur tíma í og úr íþróttum. Í mörgum tilvikum er kennslutími nemenda skertur sem því nemur. Hjá yngstu nemendum eru skilgreindir útitímar tvisvar 20 mínútur sem ekki nýtast sem kennslutímar vegna ferða úr íþróttum.

List- og verkgreinartímar nemenda í 1. – 2. bekk eru sex og í 3 - 7. bekk eru fimm á viku og tveir tímar á viku hjá 8. – 10. bekk. Með þessu næst ekki tilskilinn kennslutími í list- og verkgreinum. Val nemenda í 8., 9. og 10. bekk á samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár að vera í um sjö kennslustundir á viku en er aðeins fjórar.

Reglulega eru kannanir Skólapúlsins lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar/mars 2019 og var svarhlutfall foreldra 70,2%. Niðurstöður sýna að rúmlega 92% svarenda töldu að skólanum væri mjög eða frekar vel stjórnað og eru þessar niðurstöður sambærilegar öðrum skólum á landsvísi sem eru með færri nemendur en 320. Eins og fyrr segir lagði Menntamálastofnun fyrir foreldrakönnun og samkvæmt niðurstöðum hennar telja rúmlega 73% svarenda að skólanum sé mjög eða frekar vel stjórnað.

Stjórnandi leitast við að leysa sem fyrst ágreiningsmál sem upp koma. Til er ferli um lausn ágreiningsmála hvað varðar nemendur og Flóahreppur er með stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Fram kom í rýnivíðtölum við kennara að þeir myndu snúa sér til trúnaðarmanns ef upp kæmi vandi milli stjórnanda og starfsmanns. Aðrir starfsmenn voru ekki vissir hvert þeir myndu leita þar sem þeir hafa ekki trúnaðarmann.

Skólastjóri, í samstarfi við sveitarfélagið, fylgist með að aðbúnaðaur í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum. Netöryggi hefur verið kynnt fyrir nemendum.

Starfsmönnum hafa verið kynnt lög um persónuvernd og trúnað og skrifað undir skjöl þar um. Verktakar og aðrir þeir sem starfa tímabundið við skólann eru ekki upplýstir um lög um persónuvernd og gangast ekki formlega við þagnarskyldu.

Skólareglur voru endurskoðaðar af samskiptateymi vorið 2018 og byggja þær á gildandi grunnskólalögum (2008), aðalnámskrá grunnskóla (2011) og reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum (2011). Gæta þarf þess að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólareglna og að viðurlög séu í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011.

Í starfsáætlun kemur fram að nemendaráð er starfandi við skólann og er seta í ráðinu einn af valgreinamöglueikum nemenda. Ráðið fundar einu sinni í viku. Í starfsáætlun kemur ekki fram hver aðkoma nemendaráðsins er að skólaráði. Fram komi í rýnihópi nemenda að skólaráðsfulltrúar þeirra komi í stofnarnar í unglingsáætlun til að kynna eða upplýsa um málefni en ekki er skráð ferli hvernig

nemendur upplýsa alla samnemendur. Einnig kom fram að fulltrúar í skólaráði voru ekki kosnir af nemendum til setu þar.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Skólastjóri vinnur markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu. Leitast er við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best.

Við skólann er hvorki starfandi aðstoðarskólastjóri né deildarstjórar. Skólastjóri hefur sér við hlið þrjá verkefnastjóra sem sinna skilgreindum verkefnum og gegnir einn þeirra stöðu staðgengils skólastjóra. Skólastjóri og verkefnastjórar funda reglulega og skipta með sér verkefnum.

Skólastjóri fylgist óformlega með störfum allra starfsmanna en ekki er fylgst reglulega með námi og kennslu eða veitt endurgjöf á störf kennara og annarra starfsmanna. Fram kom í rýnihópaviðtölum að starfsmenn óskuðu eftir því að svo væri. Bent var á að starfsþróunarsamtöl hefðu ekki farið fram á síðasta ári. Samkvæmt skólastjóra verða samtölin í vor og einnig verður lögð fyrir starfsmannakönnun.

Starfslýsingar flestra starfa liggja fyrir nema stuðningfulltrúa og skólaliða og hjá þeim kom fram að þörf væri á skilgreiningu þeirra starfa. Þá var öðru starfsfólki en kennurum ekki ljóst hver væri þeirra næsti yfirmaður. Starfsmenn frístundaheimilis hafa ekki tækifæri til að mæta á reglulega starfsmannafundi vegna vinnu sinnar. Aðrir starfsmenn en kennarar óska eftir reglulegum fundum sem snúast um þeirra vinnu með stjórnanda en aðeins einn slíkur hefur verið haldinn á skólaárinu. Bent var á að aðrir starfsmenn en kennarar hefðu ekki trúnaðarmann á vinnustaðnum.

Fram kom í rýnihópum að kennarar hefðu fengið kynningu á réttindum sínum og skyldum hjá trúnaðarmanni þeirra ásamt fyrirlestri en aðrir starfsmenn könnuðust ekki við að hafa fengið aðrar upplýsingar en þær sem koma fram í ráðningasamningum.

Í viðtölum við kennara kom fram að þeir væru ekki vel upplýstir um hvað færi fram á öðrum stigum eða í öðrum árgöngum en þeim sem þeir vinna á. Töldu þeir mikilvægt að líta á skólann sem eina heild og skapa grundvöll til þess að samræða gæti átt sér stað milli stiga.

Starfsmenn voru almennt sammála um þeim væri hrósað fyrir störf sín.

1.7 Leiðtogaþæfni stjórnanda og starfsmanna

Skólastjóri og verkefnastjórar sinna eigin starfsþróun og fá kennarar og aðrir starfsmenn einnig svigrún til þess. Ábyrgð og verkaskipting skólastjóra og verkefnastjóra er skýr og kemur fram í starfslýsingum. Í viðtölum við starfsfólk upplifir það traust og umboð til sinna starfa. Mannauður er vel nýttur en dreifing ábyrgðar og verkefnisstjórnunar starfsfólks er takmörkuð. Verkefni og ábyrgðaraðila þeirra er að finna í skipuriti skólans á heimasíðu sem er ekki rétt samkvæmt núverandi starfsfyrirkomulagi.

Fram kemur í viðtölum við starfsmenn að þeir hafi ekki verið hvattir til að leita sér handleiðslu og viti ekki hvert þeir ættu að snúa sér ef til þess kæmi. Þá kom einnig fram að þeir hafi farið fram á ákveðnar umbætur við sveitarfélagið er snúa að heilsueflingu starfsmanna. Ekki hefur verið brugðist við þeirri beiðni en fram kom í viðtali við skólastjóra að stefnt yrði að því að skólinn yrði heilsueflandi skóli.

Styrkleikar

- Skólastjóri leggur mikla áherslu á skapa skólanum jákvæða ímynd og tengsl við foreldrasamfélagið.
- Skólastjóri hefur skýra sýn er varðar skólaþróun.
- Skólastjóri skapar svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun og hefur forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu og nýti í skólastarfinu.
- Ánægja með stjórnun skólans kemur fram í þeim könnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra í Skólapúlsinum. Einnig kom það fram í foreldrakönnun í tengslum við ytra mat.
- Samstarf skólastjóra og verkefnastjóra er vel skipulagt, þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Reglulega er faglegir samstarfsfundir þar sem stefnur og áherslupættir skólans eru ræddir.
- Sveitarfélag og skóli hafa sett sér læsisstefnu.
- Ánægja er meðal foreldra með stoðþjónustu og stuðning sem veittur er.
- Starfsfólk upplifir að það njóti trausts og fái hrós fyrir störf sín.
- Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Vinna þarf sameinlega skólastefnu sveitarfélags og skóla.
- Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá.
- Tilgreina þarf aksturstíma í stundaskrá nemenda.
- Uppfylla þarf tilskilinn kennslustundafjöldi nemenda í list- og verkgreinum og vali.
- Gæta þarf þess að nýjar og réttar upplýsingar séu ávallt til staðar á heimasíðu skólans.
- Vinna þarf að auknu samráði við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins að stefnumótun, ákvarðanatöku, endurskoðun skólanámskrár og skólareglna.
- Skrá ferli er snýr að því að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Gera þarf fundargerðir þróunarteyma sýnilegar og opinberar.
- Vinna þarf starfslýsingar fyrir stuðningfulltrúa og skólaliða.
- Funda þarf reglulega með öðru starfsfólki en kennurum.
- Huga þarf að því að aðrir starfsmenn en kennarar hafi aðgang að trúnaðarmanni.
- Gera þarf starfsmönnum grein fyrir því hvernig skipurit skólans er uppbyggð og hver sé þeirra næsti yfirmaður.
- Huga þarf að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans.
- Móta ákveðið verklag fyrir nemendur sem sitja í stjórnnum og nefndum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.
- Í starfsáætlun ætti að koma fram hver aðkoma nemendaráðsins er að skólaráði.
- Upplýsa þarf starfsmenn um mögulegar leiðir þeirra á að fá handleiðslu vegna sinna starfa.
- Huga þarf að heilsuefningu starfsmanna.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Áherslur stjórnvalda er sýnilegar að ákveðnu leiti í gögnum og störfum skólans. Starfsfólki er umhugað um velferð nemenda og skólinn hefur sett sér að vinna eftir Uppbyggingarstefnunni sem almennt er nefnd Uppeldi til ábyrgðar. Viðmælendur þekkja uppeldisstefnu skólans og einkunnarorðin hugur, hjarta og hönd. Á vettvangi sáu matsmenn að borin er virðing fyrir fjölbreytileika í nemendahópnum. Áhersla á eða umfjöllun um grunnþætti menntunar og lykilhæfni sést ekki í gögnum skólans eða í áætlunum. Í flestum kennslustofum eru veggspjöld um lykilhæfni en aðspurðir könnuðust nemendur ekki við að það væri unnið með lykilhæfnina eða hún rædd.

Samkvæmt upplýsingum sem birtar voru á heimasíðunni 2017 er verið að vinna við námskrár í samstarfi við aðra skóla svæðisins. Á heimasíðu vantar enn námskrár nokkurra námsgreina og er vísað í eldri bekkjarnámskrár. Mismunandi framsetning og innihald, svo sem markmið, er á kennsluáætlunum námsgreina sem matsmenn fengu og því sem birt er á heimasíðunni .

Á heimasíðu og í rýnihópum kom fram að skólinn er með stefnu um sérkennslu og stuðning þar sem fram kemur að lögð sé áhersla á skóla án aðgreiningar, snemmtæka íhlutun og að stuðningur fari alla jafna fram í námsaðstæðum bekkjar.

2.2. Árangur náms


Reglulega er fylgst með árangri og framförum nemenda. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats, meðal annars frá ytri aðilum, til að auka framfarir nemenda og styrkja námslega stöðu. Hins vegar liggur ekki fyrir formleg áætlun um það hvernig bregðast skuli við ef grípa þarf til aðgerða. Viðmið um árangur eru almennt ekki birt í tengslum við áætlanir eða viðfangsefni nemenda.

Samræmd könnunarpróf

Vegna fámennis, það er er nemendafjöldi fer undir 10 í árgangi, er ekki opinberlega gerð grein fyrir árlegum árangri á samræmdum könnunarprófum en hægt er að skoða uppsafnað meðaltal til að sjá tilhneigingu í árangri til lengri tíma. Þannig framsetning hjálpar til við að setja fram áætlun um bættan árangur ef þarf. Uppsafnaður árangur sem rætt er um í þessari umfjöllun er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30, rauða strikalínan í gröfunum.

Uppsafnaður árangur 4. bekkjar í íslensku hefur verið góður frá 2008 og er nú vel yfir landsmeðaltali. Stærðfræði hefur sveiflast nokkuð og verið bæði undir og yfir landsmeðaltali frá 2008 og er nú rétt við landsmeðaltal (mynd 1).




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Uppsafnað meðaltal 7. bekkjar í íslensku var góður árin 2008-2013 en hann féll undir landsmeðaltal 2014-2016 en er nú aðeins yfir landsmeðaltali. Stærðfræði hefur verið undir landsmeðaltali frá 2008 en á uppleið frá 2016 (mynd 2).




Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk í stað 10. bekkjar og verður svo í framtíðinni. Hér birtast niðurstöður sem uppsafnað meðaltal árána 2017-2019. Árangur í ensku er rétt undir meðaltali, í meðaltali í stærðfræði og yfir meðaltali í íslensku (mynd 3).



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.

Síðasta árið sem samræmd könnunarpróf voru haldin í 10. bekk var 2017. Uppsafnaður árangur 10. bekkjar í íslensku og stærðfræði var vel yfir landsmeðaltali á árunum 2011-2013 en féll undir landsmeðaltal á árunum 2014-2017. Árangur í ensku féll einnig frá því að vera um landsmeðaltal í að vera undir meðaltali (mynd 4).



Mynd 4. Árangur nemenda í 10. bekk á samræmdum könnunarprófum. Uppsafnað meðaltal.



Þegar árangri árganga er fylgt eftir sést að hann hefur tilhneigingu til að dala nokkuð mikið milli 4. og 7. bekkjar bæði á íslensku og stærðfræði en eflist síðan milli 7. og 9. bekkjar.

Lesferill

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Almennt er lesfimi nemenda um meðaltal landsins. Þrír árgangar liggja aðeins undir meðaltalinu.

Mynd 5. sýnir leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit). Þegar línuritið er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er um eða undir landsmeðaltali (rauða línan) lesinna orða í öllum árgöngum nema áttunda.

Fyrirlögn sept. 2019, Flóaskóli



Mynd 5. Sýnir annars vegar hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiða og hins vegar meðaltal lesinna orða og viðmið Flóaskóla.

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Matsþættir eru 20 með nokkrum undirspurningum hver. Svör nemenda skólans eru sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt á 17 af þessum 20 þáttum. Einn þáttur er að mati nemenda marktækt betri í skólanum en fram kemur hjá öðrum sem svara, það er sjálfssálit, en sá þáttur hefur verið um eða yfir meðaltali frá 2015. Mæling á sjálfssáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera. Tveir þættir eru marktækt undir meðaltali það er áhugi á stærðfræði og trú á eigin námsgetu.

Samkvæmt niðurstöðum úr könnunum Skólapúlsins kemur fram að ánægja af lestri nemenda í 6.-10. bekk mælist við landsmeðaltal en hefur dalað örlítið frá 2017.

Einelti mælist í meðaltali landsins en hefur aukist frá síðustu mælingu en þá var það marktækt undir landsmeðaltali.

2.3 Gæði kennslu

Hjá skólastjóra kemur fram að ekki er til skráð stefna um kennsluhætti en unnið er að endurskoðun skólanámskrár og skólastefnu sveitarfélagsins eins og fyrr segir. Kennarar í rýnihópi segja að lögð sé áhersla á teymiskennslu á elsta stigi og einstaklingsmiðað nám. Í samræðum við kennara og nemendur kemur fram að nám sé að einhverju marki lagað að stöðu nemenda, gerðar eru einstaklingsáætlanir eða einstaklingsnámskrár og bráðgerir nemendur geta dýpkað verkefni eða haldið áfram í námsefni. Hvergi kemur fram í bekkjarnámskrám eða áætlunum hvernig bregðast eigi við mismunandi námsþörfum eða hvernig námsmat hefur áhrif á námsskipulag eða efnistöð. Áætlanir kennslustunda sem metnar voru lágu ekki frammi við matið.


Nemendum var almennt ekki gerð grein fyrir markmiðum kennslustundar eða viðmiðum um árangur í þeim stundum sem matsmenn heimsóttu. Hjá nemendum í 7. – 10. bekk er lögð áhersla á að þeir setji eigin markmið í Kjarnavinnunni, það er í um þriðjung alls námstímans eða sem nemur 42% af bóklegum kennslutíma.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun

nemenda eða leggur áherslu á fumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.

Matsmenn voru á vettvangi í 24 kennslustundum hjá öllum árgöngum og 15 kennurum. Um helming kennslustundanna mátu matsmenn góðar og helmingur kennslustundanna þarfnaðist umbóta. Það sem helst þarfnaðist umbóta er að gera nemendum betur grein fyrir tengslum náms og markmiða, nýta námstíma nemenda betur, ramma þarf betur inn kennslustundir með upphafi og enda og huga þarf að krefjandi verkefnum fyrir alla.

Á vettvangi sáu matsmenn aðallega fræðandi kennslustundir eða í 96% af þeim stundum sem voru metnar. Blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennslustundir voru 4% af metnum kennslustundum. Engin stund var metin leiðbeinandi (sjá mynd 6).



Mynd 6. Kennsluáherslur.

Nemendur á unglingstigi nefna að þeir sjái hæfniviðið á Mentor og kennarar vísuðu í bekkjarnámskrár eða á Mentor. Þar er að finna heildarmarkmið og hæfniviðmið áfanga eða verkefna en ekki það sem viðkemur einstaka kennslustund.

2.4 Skipulag náms


Kennarar vinna að hluta til saman við skipulagningu náms og kennslu, sérstaklega á unglingastigi þar sem teymiskennsla er í um helmingi bóklegra tíma. Kennarar nefna þó að ekki sé beint um formlegt samstarf við gerð áætlaða eða sameiginlega ábyrgð á námi og telja að það mætti vera meira. Á miðstigi er heildaráætlun um nám í samfélags- og náttúrugreinum gerð til þriggja skólaára.

Nemendur hefja daginn á 20 mínútna samveru hjá umsjónarkennara. Á yngsta stigi er dagskipulag rætt og síðan er frjáls lestur. Hjá miðstigi og eldra heita þessir tímar HHH eftir einkunnarorðum skólans, hugur, hjarta og hönd. Í starfsáætlun og samkvæmt samtali við skólustjóra eru þessir tímar til að vinna með gildi skólans, lífleikni, samskipti og efla lestur, kennararnir nefna að þetta séu tímar sem einnig séu nýttir til að koma tilkynningum til skila og fyrir bekkjarfundi þegar þarf. Nemendur nefna að verið sé að lesa eða vinna í áætlunum í þessum tímum. Matsmenn sáu tímana nýttu til að fara yfir dagskipulag og lesa á yngsta stigi en fyrst og fremst notaða sem vinnustund án markvissrar samræðu hjá miðdeild og elstu nemendum.

Umsjónarkennarar árganga sinna stærstum hluta kennslu í 1.- 6. bekk en faggreinakennsla er ríkjandi í 7. – 10. bekk. Fjöldi nemenda í námshópum í metnum stundum var frá sjö til 18. Í kjarnatímum eru nemendur um 40 og koma þeir úr 7.-10. bekk. Þar er teymiskennsla þar sem allt að fjórir kennarar sjá um stundina ásamt þroskaþjálf. Kennslugreinar í kjarna eru samfélagsfræði, náttúrufræði, íslenska og stærðfræði.

Í móttökuáætlun Flóaskóla kemur fram að „ef nemandi sækir kennslu til sérkennara 50% eða meira hlutfall er sérkennari valinn sem umsjónarkennari barnsins.“ Þetta fyrirkomulag getur haft aðgreinandi afleiðingar þar sem nemandinn tilheyrir þá ekki ákveðnum umsjónarbekk.

Í matinu eru kennslustundir einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í kennslustundum á vettvangi unnu nemendur einstaklingslega við nám í 75% kennslustunda. Skipulögð samvinna við nám var í 4% kennslustunda og í 21% kennslustunda var blanda af þessum tveimur aðferðum (sjá mynd 7).



Mynd 7. Námsathafnir.

Eldri nemendur sem rætt var við töldu að þeir væru um 80-90% ef námstíma í kjarna að vinna einstaklingsvinnu.

Upplýsingatækni var nýtt í námi hjá nemendum frá 1.-10. bekk í 29% kennslustunda af þeim kennslustundum sem metnar voru og í sjö mismundi námsgreinum. Notkunin var mest hjá nemendum í 7.-10. bekk og voru þar nýtt í kjarnatímum, umsjónartíma og ensku á unglingastigi. Kennarar nýttu upplýsingatækni í þremur stundum. Í matinu er það skráð sem notkun upplýsingatækni í kennslustundum ef einn eða fleiri nemendur nota upplýsingatækni, svo sem tölvu, spjald, síma eða annan stafrænan búnað við kennslu eða til náms að einhverju marki í kennslustund.

Námstími nemenda var ekki vel nýttur í hluta af þeim kennslustundum sem matsmenn voru í. Nokkuð oft var tíma lokið um tíu mínútum fyrir en áætlað er samkvæmt stundaskrá.

Skólastarf tengist grenndarsamfélagi á ýmsan hátt meðal annars er samstarf við leikskólann Krakkaborg og eldri nemendur fara meðal annars í vettvangsferðir í Friðheima.

2.5 Námsvitund

Nemendur komu vel fram og unnu þau verkefni sem fyrir var lagt. Nemendur eru með vikuáætlanir þar sem sett er fram yfirferð í námsgreinum tengd námsbókum og verkefni sem á að vinna. Eldri nemendur þekkja hæfniviðmið sem birtast þeim í Mentor og tengjast vinnu í kjarna. Yngri nemendur kannast ekki við að þeim séu kynnt markmið eða hæfniviðmið í námi.

Eldri nemendur bera vikulega ábyrgð á að raða kjarnanámsgreinum í stundaskrá kjarnatímanna sem eru 12 og setja sér markmið um yfirferð. Þeir skipuleggja sjálfir í upphafi vikunnar hvenær þeir vinna að hvaða námsgrein. Kjarnakennarar nefna að þeir kynni áætlanir í upphafi viku, það er meðaláætlun en síðan eru einstaklingsmiðuð frávík frá því. Við athugun matsmanna og í samtölum við nemendur kom fram að misbrestur er á hvort þeir skrái yfirferðarmarkmiðin hjá sér í stundaskrána. Kennarar nefna að þeir líti eftir hvernig þessi vinna fer fram.

Engin umfjöllun er um námsmat í skólanámskrá. Í kennsluáætlunum er m.a. rætt um að beita símati, stöðumati, sjálfsmati og leiðsagnarmati við námsmat. Nemendur ræða um að fá svörun á verkefni sín í Mentor. Kennarar í rýnihópi nefna ýmislegt sem liggur að baki námsmati, svo sem verkefni, próf, kynningar og ígrundun.

Hjá foreldrum komu fram ábendingar um að erfitt sé að fylgjast með námi barnanna þar sem upplýsingar um verkefni berist ekki alltaf í Mentor.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Matsmenn sáu jákvæð samskipti í skólanum sem einkennast af virðingu milli nemenda og nemenda og kennara. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Eldri nemendur hafa tækifæri til að skipuleggja nám sitt að hluta. Skoðana, sjónarmiða og upplýsinga um líðan nemenda er aflað með könnunum og nemendapingum og bekkjarfundir eru haldnir eftir þörfum. Nemendur allra árganga eiga fulltrúa í Grænfánaráði og nemendur eiga fulltrúa í nemendaráði og skólaráði. Starf í nemendaráði er ein valgrein til sex vikna. Fram komu áhyggjur af að ör skipti fulltrúa hamlaði starfi nemendaráðsins.

Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stefna stjórnvalda endurspeglast í störfum skólans.
- Í skólanum ríkja jákvæð samskipti og virðing.
- Reglulega er fylgst með árangri náms og framförum nemenda.
- Árangur nemenda á samræmdum prófum er alla jafna góður.
- Nemendur skólans finnast þeir vera mikils virði.
- Reglulega eru lagðar fyrir kannanir og leitað skoðana nemenda um líðan og skólastarf.
- Áhersla er á teymisvinnu kennara.
- Eldri nemendur þekkja til hæfniviðmiða, skipuleggja nám sitt að hluta og setja sér markmið um yfirferð.
- Gott samstarf er við grenndarsamfélagið.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir grunnþáttum menntunar og lykilhæfni í áætlunum um nám og kennslu.
- Samræma framsetningu á kennsluáætlunum.
- Huga að lesfimi nemenda sem ekki ná lágmarksviðmiðum.
- Efla trú nemenda á eigin námsgetu.
- Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísunum og huga að tengslum áætlana við mat á stöðu nemenda.
- Gera nemendum ljós markmið og viðmið um árangur.
- Auka ábyrgð og þátttöku nemenda við mat á eigin vinnu og námi.
- Nýta námstíma nemenda betur.
- Hafa skýran ramma um kennslustundir.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.
- Auka þarf fjölbreytni í námi og kennsluháttum og leggja áherslu á leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku.
- Auka áherslu á samvinnu nemenda, umræður og skoðanaskipti í námi.
- Styrkja betur teymisvinnu kennara með fræðslu og handleiðslu.
- Nýta HHH tíma markvisst til þess sem þeir eru ætlaðir.
- Huga að því í kjarnatímum að hafa markvissa innlögn fyrir hópa samhliða einstaklingsvinnu.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um framvindu náms í öllum fögum.

Þáttur 3 – Innra mat

Skípulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1. Skípulag

Hjá viðmælendum kom fram að litið er á innra mat sem mikilvægan hluta af skólastarfsinu. Mat á námi og framförum nemenda fer reglulega fram. Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur árlega og fyrir foreldra og starfsmenn annað hvert ár. Nemendur 4., 7. og 9. bekkjar taka samræmd könnunarpróf og Lesferill (matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis) er lagður er fyrir nemendur skólans. Skólinn leggur tengslakannanir fyrir nemendur og nýtir ýmis önnur greiningartæki við mat á stöðu nemenda. Auk þess eru haldin íbúa- og nemendaping.

Á heimsíðu skólans eru nýjustu skýrslur um innra mat og umbætur í skólastarfi frá skólaárinu 2015-2016. Umfjöllun um innra mat og helstu leiðir sem skólinn fer til að meta árangur og gæði er ekki að finna í opinberum gögnum skólans. Áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma liggja ekki fyrir. Hvergi er getið um hvernig markmiðum skólans er náð, hver viðmið um árangur eru, hvaða leiðir eru að markmiðum svo og aðgerðaráætlanir og verkferlar.

Mat skólastjóra á kennslu, fagmennsku kennara og kennsluháttum hefur ekki farið reglulega fram.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnanda. Skólinn hefur ýmsar leiðir til að afla upplýsinga eins og getið er um í kafla 3.1. Heildstæð samantekt og greinargerð um innra mat hefur ekki verið unnin frá 2016. Við skólann er ekki starfandi teymi um innra mat sem sér um framkvæmd og úrvinnslu matsins. Hagsmunaaðilar skólans hafa ekki formleg áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Gögn skólans sem unnt er að nýta við innra mat eru fjölbreytt en ekki er unnið úr þeim við innra mat á formlegan hátt.

3.3 Umbætur

Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur liggja ekki fyrir eða eru aðgengilegar. Niðurstöður úr könnunum eins og Skólapúlsi og samræmdum könnunarprófum eru kynntar skólaráði og kennurum. Nemendur fá ekki upplýsingar um heildarniðurstöður kannana sem þeir taka þátt í svo sem Skólapúlsins. Foreldrar í rýnihópi töldu sig ekki upplýsta um niðurstöður kannana. Hjá skólastjóra kom hins vegar fram að foreldrum eru alla jafna birtar niðurstöður kannana svo sem Skólapúlsins, en birting á síðustu niðurstöðum á heimsíðu hefur dregist. Brugðist er við niðurstöðum þegar umbóta er þörf en ekki sett upp formleg umbótaáætlun. Samkvæmt foreldrum hafa þeir ekki aðkomu að umbótaáætlanagerð.

Vel er tekið á málum innan skólans þegar upp koma verkefni sem krefjast þess að skjótt sé brugðist við með umbótum en formleg áætlun ekki gerð.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat sem mikilvægan þátt skólastarfs.
- Reglulega fer fram mat á viðhorfum, árangri og framförum nemenda.
- Haldin eru íbúa- og nemendaping.

Tækifæri til umbóta

- Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma.
- Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hver eru viðmið um árangur, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.
- Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru.
- Gera tímasetta umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið í innra mati. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaaðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig metið verður hvernig til tekst með umbætur.
- Skipa þarf teymi með fulltrúum hagsmunaaðila sem hefur umsjón með innra mati.
- Nýta þarf gögn sem skólinn býr yfir um árangur, kannanir og skimanir með markvissum hætti í innra mati.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að umræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Gæta þarf þess við öflun gagna að leita eftir sjónarmiðum viðeigandi hagsmunaaðila.
- Kynna þarf viðkomandi hagsmunaaðilum niðurstöður innra mats.

Þáttur 4 – Einstaklingsmiðað nám

Skólar og sveitarfélög hafa möguleika á að velja einn matsþátt og hægt sé að meta innan ramma þessa mats. Fyrir Flóaskóla var óskað eftir að meta einstaklingsmiðað nám, árangur og líðan. Ekki eru til sérstök viðmið um þessa þætti fyrir ytra mat.


Hér verður fjallað nánar um það sem komu fram í matinu sem tengist hugmyndum og framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms. Varðandi líðan og árangur er bent á umfjöllun framar í skýrslunni.

Einstaklingsmiðun í námi og kennslu er yfirlýst stefna skólans. Margir viðmælendur nefndu að skólinn starfaði með það að leiðarljósi að mæta öllum nemendum. Í skipulagi og mönnun hefur skólinn það að leiðarljósi. Í gögnum skólans er nefnt að með skipan árgangateyma sé verið að skapa sveigjanleika til að sinna margvíslegum þörfum hvers og eins nemanda og efla einstaklingsmiðað nám. Skólastjóri segist skipuleggja teymisvinnu kennara þannig að inni í hverju teymi sé sérfræðingur sem hefur þekkingu og reynslu af að vinna með sérþarfir barna og einnig eru þrír verkefnastjórar sem aðstoða. Hluti af teymiskennslu er samkennsla í hringekju hjá 1. – 3. bekk og 4. - 6. bekk. Hjá 7. – 10. bekk er teymiskennslan í kjarnatímunum.

Á vettvangi töldu matsmenn sig ekki sjá markvissa einstaklingsmiðun í kennslunni og ekki var hægt að sjá í gögnum á hvern hátt nám og kennsla var aðlöguð einstaklingum eða smærri hópum.

Gerður er hér greinarmunur á einstaklingsmiðun í námi og kennslu og einstaklingsaðstoð. Við einstaklingsmiðun er nám nemanda eða nemendahópa skipulagt út frá námsstöðu og kennsla tekur mið af því. Einstaklingsaðstoð snýst um að koma til aðstoðar þegar nemandi þarfnast aðstoðar í að vinna í því námsefni sem flestir eru að fást við eða í aðlöguðu námsefni.

Einstaklingsaðstoð er mikil á öllum stigum í Flóaskóla. Fjöldi nemenda á hvern kennara í kennslustundunum sem matsmenn mátu er frá sjö í 18 nemendur (sjá mynd 8). Meirihluta kennslustundanna eða 79% þeirra er með 13 nemendur eða færri á hvern kennara. Í rúmlega helmingi metinna kennslustunda eru aðrir fullorðnir, svo sem þroskaþjálfar eða stuðningsfulltrúar, til staðar auk kennara stundarinnar.



Mynd 8. Fjöldi nemenda í kennslustund á hvern kennara.

Í hringekju fóru hóparnir í nærri sömu verkefni sem tóku stundum mið af aldri nemenda og einnig voru sumir með meiri einstaklingsaðstoð. Nemendur sem viku verulega frá í námi eða hegðun voru með

einstaklingsáætlanir og unnu að hluta utan bekkjar með aðstoðarmanni svo sem þroskaþjálfar eða stuðningsfulltrúa.

Kjarnatímanna skipuleggja nemendur sjálfir út frá áætlun vikunnar, það er hvar þeir vinna og hvenær þeir vinna hvaða námsgrein. Hjá kennurum kom fram að það er liður í að efla sjálfstæði og ábyrgð á námi. Hver og einn vinnur á eigin forsendum og kennarar og stuðningsaðilar ganga á milli og aðstoða. Á vettvangi sá matsmenn að nemendur gátu verið óvirkir hluta af kjarnatímum auk þess sem skipulag nemenda var frekar ómarkvisst og lítið tengt markmiðum. Í samtölum við nemendur staðfestist það sem matsmenn sáu. Fram kom hjá nemendum og foreldrum að vikuáætlanir kennara væru oft ekki nógu vel skipulagðar, ramminn um kjarnatímanna frjáls og eftirlit með framvindu náms ekki nógu markviss.

Við aðstæður þar sem mönnun er mikil og innlögnin ekki skipulögð er mikilvægt að hafa í huga að einstaklingsþjónusta getur gert aðstoð einhæfa eða takmarkaða þar sem innlögn verður einvörðungu munnleg og kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni markvisst. Einstaklingsþjónusta er heldur ekki alltaf í höndum þeirra sem menntaðir eru til kennslu. Mikil þjónusta getur verið góð en getur einnig leitt til þess að hjá nemendum skapist „lært hjálparleysi“.

Í foreldrakönnun sem send var í tengslum við matið var spurt um reynslu foreldra barna af skipulagi kjarnans. Foreldrar 26 nemenda í 7. -10. bekk svöruðu þeirri spurningu. Sögðust 16 af þeim vera frekar jákvæðir en átta segjast ekki hafa góða reynslu af kjarnaskipulaginu. Margir foreldrar, líka þeir sem voru jákvæðir, höfðu efasemdir eða áhyggjur af námsframvindu og skipulagi. Áhyggjurnar snerust um að nemendur gætu gleymst, að nemendur kæmust upp með að gera lítið eða vera óvirkir í tímunum. Einnig komu fram áhyggjur af því að námsefnið væri ekki nógu krefjandi og að nemendum skorti ögrun í námi. Hjá foreldrum og í samtali við nemendur var nefnt að það væri ekki gott að suma daga væru ekki allir greinakennararnir við í tímunum. Margir foreldrar nefna mikilvægi þess að hugað sé betur að því að skipulagið sé gott og markvisst utanumhald á námi nemendanna. Einnig telja margir foreldrar sig ekki fá nægar upplýsingar um námsárangur og námsframvindu.

Styrkleikar

- Skólinn leggur áherslu á einstaklingsmiðun í námi.
- Náms hópar eru að jafnaði fámennir á hvern kennara og stuðningur annarra starfsmanna við nemendur mikill.
- Verið er að efla teymisvinnu kennara til að skapa aðstæður fyrir einstaklingsmiðun náms.
- Hugmyndir skipulags kjarantímanna byggja á að efla þátttöku nemendur við markmiðssetningu og skipulag námstíma.
- Foreldrar eru frekar jákvæðir í garð hugmyndafræði og markmiða kjarnatímanna.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf í áætlunum hvernig einstaklingsmiða á nám nemenda.
- Efla samstarf kennara innan teymanna og aðstoða teymin við námsaðlögun.
- Huga þarf að því að markviss kennsla með tilliti til námsframvindu allra nemenda eða nemendahópa fari fram í kjarnatímum.
- Skipulag kjarnatímanna þarf að vera vel rammað inn og öllum ljóst.
- Sjá til þess að námstíminn nýtist nemendum vel.
- Eftirlit kennara með námsframvindu þarf að vera markviss.
- Huga að því að allir nemendur fái ögrandi verkefni við hæfi.

- Við skipulag kjarnatíma þarf að sjá til þess að greinakennara séu allir við kennslu í þeim kennslustundum.
- Huga þarf að því að veita foreldrum góðar upplýsingar um skipulag náms og kennslu sem og námsframvindu barna sinna.